

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. desember 1968.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Hér með tilkynnist, að umferðarljós hafa verið sett á Hafnarfjarðarveg skammt fyrir norðan og sunnan nýju slökkvistöðina. Þau verða eingöngu notuð, þegar slökkvibifreiðir eru á leið frá stöðinni til þess að gegna kvaðningu.

Gerð umferðarljósanna er þannig, að tvö rauð ljós eru samhliða á einum fleti. Ef þau kvikna og slökkna á víxl, ber ökumönnum, sem eru á leið um veginn, að nema staðar við ljósin.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. september 1968.

Sigurjón Sigurðsson.